



Starfsáætlun SGS fyrir 2024 og 2025

Félagsleg mál

- ✓ Kynningarherferð um gildi þess að vera í stéttarfélagi.
- ✓ Efla þátttöku innflytjenda í starfi SGS og aðildarfélaganna.
Það að efla vinnustaðaeftirlit, eflir þátttöku innflytjenda.
Það, að vera með erlenda starfsmenn / trúnaðarmenn / stjórnarmenn í/hjá félögunum virkar hvetjandi fyrir erlenda félagsmenn til að taka þátt í félagsstarfinu.
Þarf að kynna starfsemina fyrir erlendum félagsmönnum og þeir þurfa að upplifa sig velkomna. Þetta á í raun við alla félagsmenn.
- ✓ Stórefla vinnustaðaeftirlit
SGS þarf að vera með samræmingu og samráð um fyrirkomulag vinnustaðaeftirlits.
Þarf að styrkja heimildir fyrir eftirlitsmenn í vinnustaðaeftirlitinu.
- ✓ Skoða sérstaklega félagsaðild, starfskjaralög og féviti.
Félögin þurfa að vera samstíga í að fylgja regluverkinu varðandi félagsaðild.
Þurfum að komast að sameiginlegri niðurstöðu með féviti/viðurlög.
- ✓ Skoða stöðu innflytjenda, mansal og eftirlitsleysi opinberra stofnanna.
Þarf að stórefla opinberu stofnanirnar og samstarf stéttarfélaganna við Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun, skattinn og lögregluna.
- ✓ Rýna málefni þeirra sem telja sig ekki þurfa að greiða til stéttarfélaga.

Kjaramál

- ✓ Vinna sérstaklega að því að bæta kjör starfsfólks í ræstingum.
Þarf að upphæfja ræstingar og meta starfið að verðleikum.
Þarf að ná samtali um álit Vinnueftirlitsins um vinnuhraða í ræstingu.
Þarf að setja í kjarasamninga að þurfi að laga aðstöðu starfsfólks í ræstingum og þeirra sem vinna á mörgum starfstöðvum hvað varðar matar og kaffiaðstöðu. (Eins í heimaþjónustu, ferðaþjónustu og fl.)
- ✓ SGS beiti sér gegn útvistun starfa í ræstingum, að störf verði tekin til baka úr útvistun og frekari útvistanir stöðvaðar.
- ✓ Yfirfara, einfalda og uppfæra kjarasamninga til nútímans.
- ✓ Auka samstarf við önnur landssambönd með sambærilega samninga.
- ✓ Vinna að styttingu vinnuvikunnar.
Þarf að hafa kjararáðstefnu einn dag til að ræða styttingu vinnuvikunnar. (Mikilvægt að fólkið á gólfinu sem vinnur störfin taki þátt í ráðstefnunni).
- ✓ Leiðrétta skakkt verðmætamat starfa og útrýma launamun kynjanna.
- ✓ Gera þarf úttekt á störfum varðandi vinnu sjálfboðaliða, skiptinema, fólks á starfsþjálfunarsamningum.
- ✓ Gera þarf úttekt á störfum ungmenna í vinnuskóla hjá sveitarfélögunum.
(Vinna á leikskólum og ganga í störf annarra almennra starfsmenna hjá sveitarfélögunum).
- ✓ Tryggja þarf að kjarasamningar séu til um öll störf. (Fiskeldi).

Upplýsinga- og fræðslumál

- ✓ Efla fræðslu fyrir félagsmenn aðildarféлага SGS með tilliti til þróunar vinnumarkaðarins.
- ✓ Halda áfram að gefa út stutt og hnitmiðað efni um einstaka flokka kjaramála og miðla þeim á samfélagsmiðlum.
- ✓ Styrkja ungliðastarf innan SGS og aðildarfélaganna með árlegum ungliðafundi. Efla þarf ungt fólk til forystu í hreyfingunni og virkja þann kraft sem þegar er til staðar.
- ✓ Styrkja þekkingu starfsfólks stéttarfélaganna með árlegum fræðsludögum.
- ✓ Auka samvinnu milli starfsfólks stéttarfélaganna með samstarfsvettvangi á vegum SGS.
- ✓ Standa vörð um fræðslumiðstöðvarnar og efla samstarf við þær.
- ✓ Stuttir upplýsingafundir með formönnum varðandi þau mál sem eru á döfinni.

Annað

Ráðstefnur / málþing um:

- ✓ Halda málþing / fundir hjá afmörkuðum sviðum starfsgreina. (sbr. Matvælasvið, umönnun, fiskvinnsla, ferðaþjónusta og svo frv.)
- ✓ Launamun kynjanna og hinn kynskipta vinnumarkað
- ✓ Brotastarfsemi á vinnumarkaði og hinn tvískipta vinnumarkað (ísl/innfl).